

Skrásetjarafundur um úrvinnslu færslna í hliðargrunni (ICE03)

Fundur haldinn í Landskerfi bókasafna 15. mars.2007.

Þátttakendur að mestu skrásetjarar safna í þriðja áfanga innleiðingar Gegnis.

Fundarstjóri Sigrún Hauksdóttir.

Framsögur: Fanney Sigurgeirsdóttir, Ragna Steinarsdóttir – og svöruðu fyrirspurnum ásamt Sigrúnu og Hildi Gunnlaugsdóttur.

Minnispunktar: Hildur, Fanney, Ragna

Minnispunktar frá fundinum.

1) Skipta þarf um kóða í 040 \$a þegar færslur eru fluttar úr ICE03 í ICE01 (færslur fyrir efni sem ekki er þegar skráð í Gegni). Í stað „Fase III“ komi ykkar eigin 5 stafa safnkóði. Raunverulegum safnkóðum má hins vegar aldrei eyða úr sviði 040. Bæta má við \$d með eigin safnkóða ef umtalsverð vinna er lögð í að auðga færslu – EKKI þótt eintak sé tengt við hana.

Dæmi:

040 L \$\$aLBTHL\$\$dALTTT\$\$dHREHH\$\$dFase III

- Landsbókasafn skráði, Alþingi betrubætti, Háskólinn í Reykjavík betrubætti, eintök úr 3. áfanga (Fase III) voru vélvirkt tengd við færsluna (einu tilvikin sem ummerki eru í 040 um að bætt hafi verið við eintökum).

2) Í hliðargrunni (ICE03) hefur eintak tengst rangri færslu – hvað gera bændur þá?

– Eyða úr færslunni sviði 950 fyrir það eintak og vista færsluna í ICE03 til þess að koma í veg fyrir að eintakið fljóti með öðrum í ICE01.

– Finna rétta færslu í Gegni (ICE01) og tengja – nýskrá ef ekki er til færsla.

3) Hvernig eru eintök tímarita flutt á færsluna í Gegni fyrir tímaritið?

– Þau eru flutt á sama hátt og eintök bóka.

– Ef færsla fyrir tímaritið finnst ekki og skrásetjari þarf að búa til nýja færslu verður að gæta þess að format færslunnar sé rétt, þ.e. SE en ekki BK og að öll kóðun og skráning miðist við tímarit en ekki bók.

4) Efnisorð. Breyta þarf 696 og 692 í 650 4 eða 693. Sækja úr 650 4 með F3. Velja má orð með AUT-hala eða orð sem eru í prentuðum lykli. Muna að breyta í 693 ef orð er ekki samþykkt (þ.e. gera tillögu um nýtt orð).

5) Val efnisorða / lyklun.

– 20% viðmiðið, ca. 20% af efni verks þurfa að standa á bakvið efnisorðið. Athuga með greiniskráningu yfirgripsmikilla verka. Þannig er hægt að koma fleiri og sérhæfðari efnisorðum inn.

– Ekki hlaða miklu inn af samhljóða efnisorðum / efnisorðasamböndum, t.d. ekki bæði „gróðurhúsaáhrif + losun“ og „losun gróðurhúsalofttegunda“. Velja á milli t.d. umhverfisvernd, umhverfisáhrif, umhverfismál.

– Vera gagnrýnin á staðbundna notkun efnisorða (local practice).

6) Leiðbeiningaskjalið „Gegnin : verklag vegna vinnu við hliðargrunn“ frá 2. okt. 2006 verður einfaldað lítillega – og tilkynnt á Vöndu hvar hægt verður að nálgast það.